

**Ed.**

**747. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

a. Tölul. 1 orðist svo:

Af allskonar öli, limonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,20 af hverjum lítra.

b. Tölul. 7 orðist þannig:

Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki 3 kr. af hverju kílógr.

c. Tölul. 8 orðist þannig:

Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum) kr. 6,00 af hverju kg.

d. Tölul. 15 orðist þannig:

Af öllum brjóstsýkur- og konfekttegundum kr. 1,25 af hverju kg.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.